11.02.2023

# STEFNA
# MS-FÉLAGS ÍSLANDS
# 2023-2027

**Samþykkt:**

14. mars 2023

**Uppfærð og endurskoðuð:**

Árlega

# STEFNA
# 2023-2027

Stefna MS-félagsins nær til ársins 2027. Stefnumótunina leiddi Arcur ráðgjöf ehf.

Sérstakur stýrihópur var settur á laggirnar í tengslum við stefnumótunina. Í stýrihópnum sátu Hjördís Ýrr Skúladóttir, formaður MS-félagsins og Berglind Ólafsdóttir framkvæmdastjóri MS-félagsins. Stefnan var unnin í samvinnu við stjórn og starfsfólk MS-félagsins og hagsmunaaðila árin 2022-2023 og samþykkt 14. mars 2023.

Í stjórn MS-félagsins sitja:

- Hjördís Ýrr Skúladóttir, formaður
- Alvar Óskarsson, varaformaður
- Berglind Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Berglind Björgúlfsdóttir, ritari
- Haukur Dór Kjartansson, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn eru: Eva Þorfinnsdóttir og Vigdís Ingólfsdóttir.

Þá komu Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri MS-félagsins og Ingdís Líndal skrifstofustjóri að gerð stefnunnar.

STJÓRN MS-FÉLAGSINS HEFUR ÁSKILIÐ SÉR AÐ FYLGJA STEFNUNNI EFTIR OG UPPFÆRA REGLULEGA

# TILGANGUR MS-FÉLAGSINS

*Tilgangur MS-félagsins er að vinna að velferð fólks sem haldið er MS-sjúkdómnum með því að veita því og aðstandendum þess stuðning og stuðla að öflugri félags- og fræðslustarfsemi.*

*Félagið er málsvari félaga gagnvart hinu opinbera og öðrum aðilum.*

# GILDI MS-FÉLAGSINS

## Jafnvægi - Traust - Stuðningur

**Jafnvægi**

Við gætum að jafnvægi í faglegu starfi, félagsstarfi, hugum að kynjajafnvægi, jafnvægi milli landshluta og kynslóða.

**Traust**

Við sköpum og viðhöldum trausti með fagmennsku, trúnaði, virðingu og væntumþykju í öllu okkar starfi.

**Stuðningur**

Við styðjum við fjölbreyttar þarfir MS-fólks, aðstandenda og fagaðila.

JAFNVÆGI ER KJARNINN Í ÞVÍ AÐ LIFA MEÐ MS. ÞAU GILDI SEM MS-FÉLAGIÐ HEFUR VALIÐ ENDURSPEGLAST Í FRAMKOMU OG HEGÐUN ÞEIRRA SEM STARFA FYRIR MS-FÉLAGIÐ.

ÁN STUÐNINGS ER EKKERT JAFNVÆGI OG ÁN JAFNVÆGIS NÁUM VIÐ EKKI AÐ BYGGJA UPP TRAUST.

GILDIN ERU ÓRFJÚFANLEG HEILD OG STYÐJA HVERT ANNAÐ.

# FRAMTÍÐARSÝN 2027

Með jafnvægi að leiðarljósi styður MS-félagið við fjölbreyttar þarfir MS fólks á öllum aldri alls staðar á landinu í virku samstarfi við önnur félagasamtök og stjórnvöld.

## JAFNVÆGI

## TRAUST

## STUÐNINGUR

# ALÞJÓÐLEG RÉTTINDI

Meginmarkmið félagsins eru byggð á alþjóðlegum mannréttindum sem áréttuð eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Eftirfarandi heimsmarkmið SÞ hafa verið tengd sérstaklega við meginmarkmið og áherslur stefnunnar.












# MEGINMARKMIÐ

MS-félagið hefur samþykkt eftirfarandi meginmarkmið til 2027 og áherslur sem styðja við þau. Áherslurnar eru til þriggja ára og eru endurskoðaðar með reglulegu millibili. Áherslum fylgja tímasettar aðgerðir sem stjórn MS-félags Íslands er falið að vinna eftir og endurskoða árlega.

4

# FJÖGUR MEGINMARKIÐ

1. Bætt félag
2. Beitt aðhald
3. Breytt umgjörð
4. Betri ásýnd

# MEGINMARKMIÐ 1

**BÆTT FÉLAG**

Við erum í stöðugri þróun á starfi félagsins og leitum leiða til þess að virkja fjölbreytt fólk með MS-sjúkdóminn um allt land til þátttöku.

1

## Áherslur

1. Auka þátttöku í starfi félagsins með námskeiðum og fræðslu sem mæta þörfum hverju sinni.
2. Efla starfið á landsbyggðinni.
3. Styrkja samvinnu við önnur félög.
4. Efla fræðslu og upplýsingagjöf.
5. Brúa kynslóðabil.

**Tengsl við heimsmarkmið**



# MEGINMARKMIÐ 2

**BEITT AÐHALD**

Við þrýstum á ríkið og sveitarfélög og setjum málefni MS-fólks þar í forgang.

2

## Áherslur

1. Efla búsetumál MS-fólks sem þarf mikla þjónustu.
2. Þrýsta á um að ríkið lögfesti og innleiði SSÞ um réttindi fatlaðs fólks.
3. Fjölga umsögnum þar sem sjónarhorn fólks með MS er í forgrunni.

**Tengsl við heimsmarkmið**

10 AUKINN JÖFNUÐUR

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

# MEGINMARKMIÐ 3

**BREYTT UMGJÖRÐ**

Við leitum leiða til þess að bæta og efla þá umgjörð og þær bjargir sem félagið býr yfir.

3

## Áherslur

1. Stöðug þróun í fjáröflun.
2. Formgera leiðir til styrkveitinga.
3. Rýna húsnæðismál félagsins.

**Tengsl við heimsmarkmið**






# MEGINMARKMIÐ 4

**BETRI ÁSÝND**

Við aukum sýnileika fjölbreytts fólks með MS og bætum ásýnd félagsins út á við með persónulegri nálgun.

4

## Áherslur

1. Styrkja samfélagsmiðlanotkun.
2. Auka sýnileika fjölbreytts fólks með MS.
3. Bæta efni á veitum MS-félagsins.

**Tengsl við heimsmarkmið**






# EFTIRFYLGNI

Stefnunni fylgir tímasett aðgerðaáætlun með ábyrgðaraðilum og er stjórn og starfsfólki MS-félagsins falið að framkvæma aðgerðir.

Það er á ábyrgð stjórnar að þessari stefnu verði fylgt eftir og að hún verði endurskoðuð innan tiltekins tíma.

UNNIÐ AF MS-FÉLAGINU OG STJÓRN MS-FÉLAGSINS UNDIR LEIÐSÖGN ARCUR.

**MS-félagið**
**ARCUR**